

Forsætisráðuneytið  
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjargötu  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. nóvember 2023  
Málsnúmer: 202311-0022  
ELF/SS

## Efni: Umsögn um frumvarp um verndun innviða á Reykjanesskaga.

Vísað er í erindi frá Stjórnarráði Íslands til Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 11. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um drög að frumvarpi til laga um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga.

Forsendur fyrir gerð frumvarpsins eru fordæmalausar aðstæður á Reykjanesskaga þar sem miklar jarðhræringar benda til yfirvofandi eldsumbrota í mikilli nálægð við byggð í Grindavík sem og nálægt mikilvægum innviðum þ.m.t. orkuverinu í Svartsengi.

Lagafrumvarpið veitir heimildir til að fara í nauðsynlegar framkvæmdir á Reykjanesskaga í þágu almanna þ.m.t. að byggja upp varnargarða, gera varnarfyllingar yfir veitumannvirki og grafa leiðarskurði. Í ljósi þess hve áriðandi og mikilvægar framkvæmdirnar eru, fela lögin í sér að ekki munu gilda almenn skilyrði varðandi undirbúning og framkvæmd ákvörðunar um framkvæmdirnar. Eins og fram kemur í 4. gr. frumvarpsins, gilda ekki ákvæði ýmissa laga þ.á.m. laga um náttúruvernd og umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Ekki mun því gefast tækifæri til að meta áhrif mögulegra framkvæmda á náttúru þar sem þær munu fara fram eða útfæra framkvæmdir þannig að tekið sé að fullu tillit til náttúruverndar- eða umhverfissjónarmiða. Er það að sjálfsögðu eðlilegt í ljósi aðstæðna. Engu að síður telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að horft sé til þess að við framkvæmdir sé almennt reynt að forðast allt óþarfa rask eða skaða á náttúru og vanda til verka í því skyni eins og aðstæður bjóða upp á. Þá ætti að reyna að horfa til náttúruverndarsjónarmiða eins og hægt er við val á efnistökusvæðum ef og þegar stefnt er að efnisflutningum inn á svæðið vegna framkvæmda á t.d. varnargörðum. Þá ætti með tíð og tíma að stefna að því að frágangur eftir framkvæmdir miði að því að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi og náttúru og mikilvægt að gefa því gaum þegar tækifæri gefst til.

Náttúrufræðistofnun er að sjálfsögðu reiðubúin til að veita frekari ráðgjöf um einstakar framkvæmdir eins og ákvæði 3. greinar frumvarpsins gerir ráð fyrir. Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Eydís Líndal Finnbogadóttir  
Forstjóri

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



